

**Sp.**

## **5. Tillaga til þingsályktunar**

**[5. mál]**

um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson,  
Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

- a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan 5 ára,
- b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987,
- c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

### **Greinargerð.**

Ör þróun hefur verið í síma- og fjarskiptatækni undanfarin ár. Póst- og símamálastofnunin hefur fylgst vel með á þessu sviði og miklar hagsbætur náðst fram fyrir notendur með sjálfvirku sambandi.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma sveitabæjum í sjálfvirkt samband og má heita að því verði að fullu lokið á þessu ári. Unnið hefur verið að stækkun símstöðva og samtengingu í greinistöðvum sem eru 20 í landinu auk svæðisstöðvar í Vestmannaeyjum. Stefnt hefur verið að því að jafna gjöld innan hvers svæðisnúmers en mikill munur er á gjöldum fyrir innansvæðis- og langlínusamtöl.

Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt mælingum Póst- og símamálastofnunarinnar á símaumferð virðast 75% skrefa á landsbyggðinni vera vegna langlínunotkunar en aðeins 40% á Reykjavíkarsvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3–3,5 mín. á langlínu, lætur nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú 10 sinnum meira en í innanbæjarsamtali.

Mikill hluti langlínusamtala fer nú fram þráðlaust um örbylgjusambönd. Fjárfesting vegna símtala milli landshluta er þannig í engu hlutfalli við vegalengdir þótt takmörk séu fyrir því hve langt má vera á milli örbylgjustöðva. Kostnaður vegna langlínusímtala er óháður vegalengd ef á annað borð er talað út fyrir svæði viðkomandi stöðvar. Sá gifurlegi munur, sem er nú á langlínu- og innanbæjarsímtölum, er þannig mjög langt frá því að endurspeglar raunkostnað vegna langlínukerfisins.

Tæknilegir möguleikar eru á því að landið allt geti orðið eitt gjaldsvæði þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna, óháð búsetu, og er þetta því aðeins spurning um pólitískan vilja og stefnumörkun af hálfu Alþingis.

### **Jöfnun símgjalda á 5 árum.**

Með þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að móta stefnu sem feli það í sér að innan fimm ára verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri kleift að ná þessu marki í áföngum.

Póst- og símamálastofnunin hefur að beiðni flutningsmanna þessarar tillögu áætlað kostnaðarauka fyrir símnotendur á höfuðborgarsvæðinu vegna slíkrar jöfnunar og er hann að sjálfsögðu nokkur en þó er ljóst að jöfnun á gjaldtöku fyrir langlínusamtöl kemur fólk hvar sem er á landinu til góða.

Á sama hátt er ljóst að til að koma á þessum breytingum yrði að styrkja og endurbyggja langlínukerfið. Miðað við að umferð um langlínukerfið tvöfaldist eða aukist enn meir við

slíka jöfnun símakostnaðar áætlaði Póstur og sími í mars 1985 að verja þyrfti 800–1000 milljónum króna í að byggja upp kerfið „ef það á að flytja þessa aukningu á fullnægjandi hátt“.

Að mati flutningsmanna þarf að leggja í verulegan hluta þess kostnaðar hvort eð er vegna núverandi og komandi álagstakmarkana, óháð gjaldskrárbreytingum. En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að forsendur Pósts og síma standist er fyllilega réttlætlanlegt að leggja í þennan kostnað á nokkru árabili eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Skv. c-lið tillögunnar er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að umrædd gjaldskrárbreyting verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en nokkur hluti þess hóps nýtur nú þegar undanþágu frá greiðslu afnotagjalda.

### **Sama gjald fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir innan tveggja ára.**

Með svonefndum stafrænum símstöðvum, sem nú eru óðum að leysa eldri kerfi af hólmi, er auðvelt að velja úr tiltekin númer þar sem gjald yrði hið sama fyrir notanda óháð því hvaðan af landinu er hringt. Samkvæmt b-lið þingsályktunartillögunnar er gert ráð fyrir að slíkri jöfnun verði komið á vegna símtala við stjórnsýslustofnanir hvar sem er á landinu á næstu tveimur árum og haldist sú jöfnun í hendur við breytingu símstöðva yfir í stafræn kerfi. Slíkt getur létt undir með fólki, einkum á landsbyggðinni, sem miklu kostar til í samtöl við opinbera aðila á höfuðborgarsvæðinu. Því virðist sjálfsagt réttlætismál að koma á slíkri jöfnun strax og það er tæknilega viðráðanlegt án teljandi kostnaðarauka.

Rétt er að benda á að sú jöfnun símakostnaðar, sem tillagan gerir ráð fyrir, gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur og atvinnurekstri og er því liður í jöfnun á starfsaðstöðu fyrirtækja um allt land. Gildir þetta einnig um tölvuþjónustu og upplýsingamiðlun sem mjög mun færast í vöxt um símakerfi landsins á næstu árum og skiptir miklu að í þeim greinum verði mönnum ekki mismunað eftir búsetu.

### **Umsagnir.**

Tillaga þessi var fyrst lögð fram vorið 1985 og endurflutt í þingbyrjun haustið 1985. Var tillögunni þá vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings sem afgreiddi hana ekki. Nefndin leitaði umsagnar um tillöguna hjá ýmsum aðilum og bárust svör m.a. frá samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi, öll efnislega jákvæð.

Í umsögn frá þáverandi póst- og símamálastjóra var gerður samanburður á símaafgreiðslugjöldum á höfuðborgarsvæði og í dreifbýli á IV. ársfjórðungi 1985 og I. ársfjórðungi 1986 og talið að „hlutfallið milli fjölda síma með umframskref á höfuðborgarsvæði og dreifbýli og umframskrefagjaldinu sem þeir hafa stofnað til er orðið svo líkt að ekki munar meir en um 2%“. — Í þessum útreikningi eru hins vegar meðtalin skref vegna símtala við útlönd, sem eru 60% af umframskrefum á höfuðborgarsvæði en aðeins 16% af umframskrefum í dreifbýli. Umræddur samanburður Pósts og síma er þannig markleysa í því samhengi sem tillagan fjallar um.

Í umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun er mikið gert úr því að „fullkomin jöfnun þannig að allt landið verði eitt gjaldsvæði yrði gífurlega dýr framkvæmd“ og hefði í för með sér „mjög mikla hækkun fyrir innanbæjarsímtöl“. Engar tölur er að finna varðandi þessar staðhæfingar og í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar segir líka: „Í upplýsingaöflun um mál þetta hefur komið í ljós að mjög erfitt er og verður að áætla kostnað samfara þessari breytingu.“

Sú jöfnun á símgjöldum, sem tillagan gerir ráð fyrir, er mikið sanngirnismál og tæknilega auðleysanlegt. Því er tillagan nú endurflutt í von um jákvæða afgreiðslu af hálfu þingsins.